

Skipulagsslys á Kársnesi NEI TAKK!!

Verði fyrirbyggjandi rammaskipulag fyrir vestanvert Kársnes að veruleika með **þreföldun atvinnuhúsnæðis** og **tvöföldun íbúa** mun það rólega, lágreista og kyrrláta íbúðahverfi sem við þekkjum í dag brátt heyra sögunni til.

- **Íbúafjöldi** í vesturbæ Kópavogs verður **svipaður og í öllum Garðabæ**, eftir að við bætast jafnmargir íbúar og búa í dag á öllu **Seltjarnarnesi**.
- **Kársnesskóli** verður **langstærsti skóli landsins** með vel yfir 1.000 nemendur. Í dag er stærsti grunnskóli landsins, Árbæjarskóli, með 800 nemendur.
- Umferð á **Kársnesbraut** verður svipuð og á **Sæbraut**. Mikil umferðaraukning verður á **Borgarholtsbraut**, **Kópavogsbraut** og **Urðarbraut** svo og í kringum skólana og leikskólana í hverfinu. Þungaflutningar munu stórukast.

Við skorum á þig!

Samtökin Betri byggð á Kársnesi skora á þig sem íbúa á Kársnesi að sitja ekki aðgerðalaus hjá, heldur rísa upp og mótmæla **áður en það verður um seinan**.

- Kynntu þér málin á **www.karsnes.is** og skráðu þig sem félagan í samtökunum **Betri byggð á Kársnesi**.
- Settu upp **mótmælaborða** og sýndu hug þinn í verki. Þeir kosta kr. 5.000 og eru til með nokkrum áletrunum. Borðana er hægt að panta í síma 820 2545 (Þórarinn) og 825 8067 (Bjarni).
- Sendu skipulagsstjóra Kópavogs **athugasemdir fyrir 21. ágúst n.k.** með bréfi eða tölvupósti á **skipulag@kopavogur.is**, því **annars telst þú hafa samþykkt** auglýstar skipulagsbreytingar.

Stöndum **saman** vörð um Kársnes

